

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, varnargarður við Herjólfsgötu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. nóvember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að byggður verður 130 metra varnargarður, að stórum hluta hefðbundinn grjótgarður, í norðvestur frá gatnamótum við Drangagötu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 6. nóvember 2006.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. nóvember 2006